

3

21. jan.

KONUNGSBRÉF

um setning Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hér með veita yður sem forsætisráðherra
Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til
fundar miðvikudaginn 15. febrúar 1933.

Gjört á Amaliuborg, 21. janúar 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

4

6. febr.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þaræð Vér erum á förum til útlanda, viljum Vér sam-
kvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga,
að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hérmeð Vorum kærú og trúú þegnum, að hans konunglega
tign krónprins Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við
ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amaliuborg, 6. febrúar 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.